

# Leiðsögn – stéttarfélag leiðsögumanna

Fundur trúnaðarráðs 10. október 2022 kl. 18.30

Staður: Skrifstofa félagsins, Stórhöfða 29 + fjarfundur

Mættir: Friðrik Rafnsson (FR), Snorri Steinn Sigurðsson (SSS), Harpa Björnsdóttir (HB), Valva Árnadóttir (VÁ), Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Hallfríður Þórarinsdóttir (HP), Áslaug J. Marinósdóttir (ÁJM), Indriði H. Þorláksson (IHP), Kári Jónasson (KJ), Birna Imsland (BI), J. Birna Halldórsdóttir (JBH), Óskar Kristjánsson (ÓK)

Á fjarfundi: Hildur Bjarnason (HBj), Leifur Björnsson (LB) og í lok fundar Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ)

Boðuð forföll: Gunnsteinn Ólafsson (GÓ)

Fjarverandi: Pétur Gunnarsson (PG), Ellert Sigurðsson (ES), Bergsteinn Harðarson (BH), Guðni Gunnarsson (GG), Sigurður Magnússon (SM)

1.	<b>Fundur settur</b>	Formaður FR setur fund og býður trúnaðarráðsfolk velkomið. Fundargerð síðasta fundar 3.5. hafði þegar hlotið meirihlutasamþykki í tölvupóstum, en var tekin aftur til umræðu vegna óánægju og ítrekaðra athugasemda sem höfðu borist frá SAÁ. Var fundargerðin síðan samþykkt með breytingum sem tóku að mestu tillit til þeirra athugasemda. Bókun sem SAÁ sendi í tölvupósti var ekki álitin tæk, þar sem hún var ekki lögð fram og lesin upp af flutningsmanni og fylgt eftir til efnislegrar umræðu.	Á Á	Friðrik
2.	<b>Staða fjármála</b>	Bókari félagsins hefur skilað ársfjórðungsyfirliti sem stjórn leggur fyrir trúnaðarráð. Stjórn telur vera svigrúm fyrir kostnaði við afmælishátíð, úrvinnslu kjarabrotamála með aðkomu lögfræðings, og launum viðræðunefndar skv. nánara fyrirkomulagi.	U	Friðrik Valva Harpa
3.	<b>Afmælishátíð Leiðsagnar</b>	Afmælishátíð verður haldin 12. nóvember, sem þótti hentugri dagsetning en sú sem fyrr hefur verið rædd. Verður hátíðin haldin í Veröld, húsi Vigdísar Finnbogadóttur, sem er mjög viðeigandi þar sem Vigdís er heiðursfélagi í Leiðsögn og tungumálin eitt helsta verkfæri leiðsögumanna.  Örn Árnason, leikari og leiðsögumaður, mun stýra hátíðinni. Dagskrá er enn í mótun, sambland ávarpa og skemmtiatriða og stofnfélagar verða heiðraðir. Einnig er unnið að útgáfu afmælisrits og starfar sérstök ritnefnd að því.  Samþykkt að streyma hátíðinni, því margir félagsmanna eru úti á landi. Nefnt að gott væri ef slík tæknikunnátta væri til staðar hjá félaginu sjálfu.	U	Friðrik Harpa

		Kynna þarf hátíðina vel fyrir félagsmönnum og einnig aðilum í ferðapjónustu. Nauðsynlegt er að skrá sig til þátttöku svo hægt sé að skipuleggja magn veitinga.		
4.	<b>Viðræðunefnd og kjaraviðræður</b>	<p>Síðasti fundur trúnaðarráðs fól formanni Leiðsagnar og formanni Kjaranefndar að leggja fram tillögu um 5 manna viðræðunefnd vegna kjaraviðræðna framundan. Haft hefur verið samband við fjölda fólks og er niðurstaða komin. Þeir FR og SSS eiga skv. lögum félagsins sæti í viðræðunefndinni, en auk þeirra er lagt til að hana skipi Hallfríður Þórarinsdóttir, Stefán Andrússon og Dóra Magnúsdóttir. Einnig hefur verið haft samband við fólk um að vera í ytra baklandi, viðræðunefndinni til samráðs og stuðnings, og er þar kominn góður hópur. Líst fundarmönnum vel á þessa tillögu um viðræðunefnd og eins þá sem gefa kost á sér í baklandið.</p> <p>ÓK leggur þá fram erindi frá Félagi ökuleiðsögumanna, sem hefur þegar borist stjórn Leiðsagnar, þar sem farið er fram á að fulltrúar félagsins fái 2 sæti í viðræðunefndinni. Formaður Félags ökuleiðsögumanna er ÓK, sem situr einnig sem varamaður í trúnaðaráði, og ítrekar hann hér með erindið. Í Félagi ökuleiðsögumanna eru ríflega hundrað manns og eru sumir þeirra félagsmenn í Leiðsögn en aðrir ekki. Skapast talsverðar umræður um þessa tillögu ÓK.</p> <p>Formaður segir fulltrúum ökuleiðsögumanna velkomið að starfa með baklandinu en telur einkennilegt að Félag ökuleiðsögumanna, sem standi sjálfstætt utan Leiðsagnar, fái þetta mikla vægi í viðræðunefndinni og taka flestir undir það. Til séu önnur sambærileg félög þar sem fólk hefur sameinast vegna ákveðinnar tegundar leiðsagnar, t.d. jökla- og fjallaleiðsögn og veiðileiðsögn, en þau félög gætu ekki gert tilkall til setu í samninganefndum Leiðsagnar. Í umræðum kemur einnig fram að óeðlilegt þyki að í viðræðunefndinni sitji „eyrnamerkur“ fulltrúi ákveðins hagsmunahóps sem ekki sé formlegur aðili að Leiðsögn (t.d. sem faghópur). Ítrekað að í viðræðunefndinni sé fólk fyrst og síðast fulltúar Leiðsagnar en ekki ákveðinna sérhópa.</p> <p>* (kl. 19:45 kemur SAA inn á fjarfund)</p> <p>IHP nefnir að enginn taki sæti í viðræðunefndinni sem ekki er með umboð/samþykki frá trúnaðarráði og enginn aðili utan trúnaðarráðs geti stýrt aðila í viðræðunefndinni sérstaklega út frá sínum sérstöku hagsmunum. Hann ítrekar einnig að þátttaka í viðræðunefnd sé ákveðin skuldbinding og með því að gefa kost á sér undirgangist menn meirihluta</p>	U	Snorri Friðrik
			U	
			U	
			U	

	<p>niðurstöðu viðræðunefndar og trúnaðarráðs.</p> <p>KJ leggur áherslu á að í viðræðunefndinni og baklandinu séu talnaglöggir aðilar. Finna þurfi sérkröfurnar og marka stefnuna en fyrst og fremst þurfi að hækka grunnlaunin, og tekur fólk undir það. Mikilvægt að við höfum aðgengi að lögfræðingum og hagfræðingum ASÍ, eins og SSS tilkynnir að raunin sé. Mikill stuðningur sé að faglegri aðstoð ASÍ og samráði við önnur stéttarfélög.</p> <p>SSS nefnir að flest kjarabrot og þvinguð verktaka á forsendum verkkaupa sé höfð í frammi við ökuleiðsögumenn og því væri eðlilegt að þeirra sjónarmið heyrðust í komandi kjaraviðræðum, t.d. í baklandinu. ÓK stingur upp á því að ökuleiðsögumaðurinn Halldór Kolbeins taki sæti í viðræðunefndinni, hann hefur mikla reynslu og myndi ekki sitja í nefndinni sérstaklega sem fulltrúi Félags ökuleiðsögumanna heldur starfa þar sem fulltrúi allra félaga í Leiðsögn. Er nafni hans bætt á listann með þeim aðilum sem þegar hefur verið stungið upp á í viðræðunefndina (sjá hér efst) og fallast fundarmenn á þessa tillögu.</p> <p>GME spyr hvað líði skipan nýrrar Kjaranefndar, en SSS fékk frest á síðasta trúnaðarráðsfundi til að koma með tillögu. Biður hann um endurnýjaðan frest fram að næsta trúnaðarráðsfundi, þar sem hann hafi undanfarið lagt á sig mikla vinnu við að manna viðræðunefndina og sinna kjarabrotamálum, og er það samþykkt. Í umræðum kemur fram að flestir þeirra 5 fulltrúa sem nú sitja í Kjaranefnd eru tilbúnir til að sitja áfram og mun SSS fá staðfestingu þess fyrir næsta fund.</p> <p>Einnig býður SAA sig fram í Kjaranefnd.</p> <p>Nauðsynlegt er að þeir sem taka sæti í Kjarnefnd þekki samningana vel og geti túlkað þá.</p>	U	
		U	
		Á	
		U	
		Á	Snorri
<b>Önnur mál</b>	<p>a) Formaður segir frá væntanlegu ASÍ-þingi 12.-14. október, þar sem Leiðsögn á eitt sæti og eitt atkvæði, og er FR fulltrúi félagsins þar og SSS varafulltrúi.</p> <p>b) SSS segir frá ljótri framkomu vissra fyrirtækja í ferðaþjónustu gagnvart starfsmönnum sínum og fyrirhugaðri málsókn félagsins gagnvart einu þeirra vegna launaþjófnaðar.</p> <p>c) Sagt frá námskeiði Leiðsagnar þann 22. október, þar sem fulltrúi á vegum ASÍ mun fjalla um vinnurétt, kjarasamninga o.fl. Er það opið fyrir alla áhugasama félagsmenn Leiðsagnar, en einkum eru þeir sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið hvattir til að mæta. VÁ minnir á bók um samningatækni sem sé til á skrifstofu</p>	U	Friðrik
		U	Snorri
		U	Harpa
		U	Valva

	<p>félagsins.</p> <p>d) BI stingur upp á að settur sé upp „ábendingarhnappur“ á heimasíðu félagsins, þar sem hægt er að tilkynna nafnlaust um kjarabrot og launaþjófnað.</p> <p>e) Sagt frá undirbúningi raunfærnimats í samstarfi við Iðuna og helstu skóla sem bjóða upp á leiðsögunám. Ef allt fer að óskum gæti því verið komið á næsta vor.</p> <p>f) Nú þegar hefur verið samþykkt af bæði stjórn LS og trúnaðarráði að fyrir utan formann verði fundarstarf viðræðunefndar launað skv. nánara fyrirkomulagi. Samþykkt ákveðin tilgreind upphæð fyrir hvern fund, þar er innifalið undirbúningur, fundarseta og úrvinnsla hvers fundar. Nefnd er einnig sú mikla vinna sem formaður Kjarnanefndar hefur lagt á sig undanfarna mánuði í kjarabrotamálum og undirbúningi kjara- viðræðna og eru fundarmenn sammála um sanngirni þess að hann fái laun fyrir sína vinnu, t.d. í formi eingreiðslu.</p> <p>g) Halda þarf auka-aðalfund fyrir áramót til að ákveða aðildargjald og kynna nýja reglugerð sjúkrasjóðs. Samþykkt að gera það eftir afmælishátíðina.</p>	U	Birna
		U	Harpa
		Á	Stjórn
		Á	
		Á	Stjórn
<b>Fundi slitið 20:30</b>			

Fundargerð staðfest:

---

Friðrik Rafnsson, formaður

---

Harpa Björnsdóttir, ritari